

Grunnskólinn á Hólmavík

- vikan fyrir jólafrí -



Mánudagur 13. desember

Kennsla eftir stundatöflu.

Lífæðin - útvarp Hólmavík FM 97,5 í loftinu.

Jólafondur foreldrafélagsins í Grunnskólanum kl. 18:00.

Skólabílar fara á venjulegum mánudagstíma



Þriðjudagur 14. desember

Kennsla eftir stundatöflu.

Lífæðin - útvarp Hólmavík FM 97,5 í loftinu.

Æfingar fyrir Litlu jólin á skólatíma.

Skólabílar fara á venjulegum þriðjudagstíma

Miðvikudagur 15. desember

Nemendur eru hjá umsjónarkennurum sínum frá kl. 8.10-12.40.

Íþróttir og öll kennsla eftir hádegi fellur niður.

Mötuneyti og Skólaskjól í fullum gangi.

Lífæðin - útvarp Hólmavík FM 97,5. Síðasti útsendingardagur frá Hólmavík.

Æfingar fyrir Litlu jólin á skólatíma.

Skólabílar fara frá skólanum kl. 13.15.

Jóladískó félagsmiðstöðvarinnar Ozon í Grunnskólanum. Nemendasjoppa opin. 100 kr. inn.

1.-6. bekkur kl. 19.30-21.00. 7.-10. bekkur kl. 19.30-22.30.

Óskað er eftir því að forráðamaður fylgi nemendum í 1. – 4. bekk á diskóið.

Fimmtudagur 16. desember

Nemendur eru hjá umsjónarkennurum sínum frá kl. 8.10-12.40.

Lífæðin - útvarp Bolungarvík FM 97,5 verður áfram í loftinu til 8. janúar.

Mötuneyti í fullum gangi frá klukkan 12:30 – 13:15

Skólaskjól komið í jólafrí.

Æfingar fyrir Litlu jólin á skólatíma.

Litlu jólin og jólaball í Félagsheimilinu kl. 14:00. Dagskrá hefst stundvíslega klukkan 14:00

Skólabílar fara ekki hádegisferð þennan dag en fara frá félagsheimilinu

að loknum Litlu jólnum í kringum klukkan 16:00.

Föstudagur 17. desember

Jólasamvera í bekkjarstofum kl. 11:00-12:30.

Nemendur koma saman með umsjónarkennurum sínum og eiga notalega samveru saman.

Nemendur mega koma með góðgæti og gos, kerti og litla jólagjöf sem eru um 500-700 kr. virði.

Nemendur skiptast á gjöfum þannig að allir sem koma með gjöf fá gjöf til baka.

Mötuneyti og Skólaskjól komið í jólafrí.

Skólabílar sækja nemendur þannig að þeir séu komnir að skólanum um klukkan 10:50.

Skólabílar fara sína lokaferð fyrir jól frá skólanum klukkan 12:40.

Að lokinni jólasamveru á föstudaginn eru nemendur komnir í jólafrí.

Kennsla hefst á nýju ári samkvæmt stundatöflu þriðjudaginn 4. janúar 2011 klukkan 8:10.